



Ályktun skólaráðs Hrafnagilsskóla um greinargerð sveitarstjórnar vegna nýbyggingar leik- og grunnskóla

Skólaráð fagnar því að komin sé niðurstaða í staðsetningu leikskólans og að farið skuli blandaða leið í nýbyggingu.

Margar góðar tillögur er að finna í greinargerð um nýbyggingu sem skólaráð lýsir ánægju sinni með. Til dæmis er spennandi að fá listgreinastofur í kjallara hússins og það verður þá í fyrsta sinn sem þær eru hannaðar innan skólans en ekki bara settar þar sem er pláss. Mikilvægt er að gera ráð fyrir fjármagni til að útbúa þær sem bestar og þannig að þær nýtist einnig sveitungum til námskeiðshalds og öðrum hagsmunafélögum eins og félagi aldraðra og einnig í tengslum við handverkshátíð. Skólaráð bendir á að hafa þurfi í huga að húsbúnaður grunnskóla (húsgögn o.fl.) hefur sum staðar ekki verið endurnýjaður í áratugi og það þurfi að gera ráð fyrir fjármagni til þess. Þar er til að mynda löngu tímabært að huga að unglिंगastiginu.

Hér fyrir neðan er að finna punkta frá tveimur fundum skólaráðs um greinargerðina sem haldnir voru 4. og 10. mars. Fyrst er að finna samantekt á áhersluatriðum.

- Skólaráð leggur til að aðskilja tvö mál, nýbyggingu annars vegar og sameiningu leik- og grunnskóla hins vegar en taka mið af hvoru tveggja í nýbyggingu.
- Skólaráð kemur með tillögu að því að stofur við leikskóla séu fjölnota stofur fyrir leikskólann og grunnskólans eins og listaskála og tónlistarstofa (tónmennt). Á þeim stað væri einnig frístundarrými fyrir yngsta stig grunnskólans með tengingu við eldhús leikskólans.
- Skólaráð gerir að tillögu að færa unglिंगastigið upp á aðra hæð.
- Skemmtileg hugmynd að koma upp gróðurhúsi sem hægt væri að nýta saman með öllum stigum og báðum skólum. Gott fyrir náttúrukennslu bæði í leik- og grunnskóla.
- Skólaráð sér vel fyrir sér að tengingangur væri á milli leik- og grunnskóla. Annars vegar við tenginganginn kæmi bókasafn/ upplýsingamiðstöð með inngangi að norðan og inngangi bæði inn í leik- og grunnskólann. Hinum megin við tenginganginn kæmu fjölnota stofur, listaskáli, tónmenntarstofa (tónlistar) og frístund.

Nánar um þessi atriði og fleiri

1. Einn skóli: Rætt var um fyrstu setninguna þar sem segir að meginmarkmiðið sé að Hrafnagilsskóli verði einn sameinaður skóli leik- og grunnskóla. **Skólaráð leggur til að aðskilja þessi tvö mál, nýbyggingu annars vegar og sameiningu leik- og grunnskóla** hins vegar. Mikilvægt er hins vegar að byggingin taki mið af því að hægt sé að fara báðar leiðir.
2. Gott væri að sjá útreikninga fyrir því hve hagræðingin yrði. Hafa þarf í huga að um mikla breytingu væri að ræða. Kjarasamningar grunnskólakennara og

leikskólakennara eru ekki þeir sömu, vinnutími, skóladagatal og vinnustaðamenning er önnur. Hvað nákvæmlega er það sem á að sameina og hagræða: kennslu, starfsfólk, stjórnun, skipulag, fjármunir, búnað, aðföng o.fl.

3. Skólaráð leggur áherslu á að kennslustofur bekkjanna á hverju stigi séu hafðar á sama stað í húsinu. Í greinargerðinni er bent á möguleika að hafa eina eða tvær kennslustofur í leikskólabyggingu fyrir yngsta stig en þá passar ekki að það séu heimastofur.

Skólaráð kemur með tillögu að því að stofur við leikskóla séu fjölnota stofur fyrir leikskólann og grunnskólans eins og listaskála og tónlistarstofa (tónmennt). Á þeim stað væri einnig frístundarrými fyrir yngsta stig grunnskólans með tengingu við eldhús leikskólans.

4. Í þessari nýju sviðsmynd skólanna (leið B) er óhentugt að færa starfsmannaaðstöðu og kaffistofu upp á aðra hæð. Það er orðið of langt að fara t.d. úr listakjallara skólans og eiginlega frá öllum starfsstöðum í smá pásur (10-20 mín). Einnig er gerð athugasemd við að hafa vinnustofu og kaffistofu saman. Það skiptir máli að geta aðskilið kaffitíma og vinnutíma, geta rætt mál án þess að trufla vinnu annarra. Í hólfaskiptingu í Covid voru kaffistofur færðar út í starfsstöðvar og einnig flest öll vinnuaðstaða. Fólki líkar það vel og vill ekki fara til baka. Það er meiri friður með færri fólki og minna áreiti. Þetta var einnig eitt af markmiðum tæknivæðingarinnar þegar kennarar voru komnir með fartölvur þá væru þeir ekki eins bundnir við vinnuherbergið.

Það þarf að tryggja að þegar verið er að vinna með sameiginleg rými líkt og kaffistofu og vinnuaðstöðu að gæta þess að hægt verði að hafa aðstöðu til að geyma viðkvæm gögn, kennsluefni kennara, vinnugögn kennara og þess háttar. Gæta þess að það sé rými þar sem kennara geti haft gögnin sín og unnið með þau án þess að þurfa að flytja þau til í hvert skipti sem þarf að nota einhverja aðstöðu.

Skólaráð gerir að tillögu sinni að færa unglíngastigið upp á aðra hæð.

Flestir nemendur á unglíngastigi vilja vera meira sér. Myndu kjósa frekar að vera á efri hæð heldur en á jarðhæð. Það er ýmislegt í boði á unglíngastigi sem er ekki í boði fyrir miðstig, t.d. vera inni í frímínútum, hafa tyggjó, sjoppusala.

5. Skólastigin

Skólinn er illa búinn til að taka á móti fötluðum einstaklingi t.d. í hjólastól. Húsnæðið er ekki boðlegt til að veita þá þjónustu. Þarf að hafa í huga í breytingum og nýbyggingu skólans að bæta við lyftuaðstöðu niður í kjallara.

6. **Samnýting rýma:** Skólaráði líst vel á hafa list- og verkgreinastofur í kjallara þ.e. smíðastofu, textílmenntstofu og myndmenntastofu. Slíkt rými myndi henta vel fyrir hin ýmsu námskeið og vinnu t.d. með Félagi aldraðra o.fl. En það er mikilvægt að hafa í huga að húsgögn og verkfæri hæfa ekki öllum aldri, t.d. geta 2 ára börn ekki verið að vinna með sömu tæki, aðbúnað og aðstæður og nemendur í grunnskóla. Hugmynd með listaskála sem nýtist leikskóla og yngsta stigi og þar væri líka aðstaða frístundar hugnast skólaráði betur (sjá lið 3 hér að ofan).

8. **Útisvæði:** Leikskóli þarf sér svæði, leikskólalóð sem er sérstaklega útbúin til þess. Skólaráð hefur af því áhyggjur að það hverfi of mikið af leiksvæði grunnskólabarna ef

leikskólalóð fer til suðurs frá nýbyggingu. Það er heldur ekki hentugt að hafa leiksvæði leikskólans beint fyrir utan kennslustofur á yngsta stigi. Skólaráð gerir að tillögu að skoða skólalóðina hjá Naustaskóla. Þar er að finna velheppnaða útfærslu. Gæta þess að hafa ekki alltaf Handverkshátíðina í huga þegar verið er að skipuleggja skólalóðirnar, heldur skipuleggja hana út frá þörfum grunnskólans og leikskólans.

Skemmtileg hugmynd að koma upp gróðurhúsi sem hægt væri að nýta saman með öllum stigum og báðum skólum. Gott fyrir náttúrukennslu bæði í leik- og grunnskóla.

- 9. Frístund og bókasafn.** Gott að það sé verið að skoða betra húsnæði fyrir frístund. Það er aftur á móti ekki hentugt að hafa frístund í sama rými og skólastofur. Það bæði lokar á þann möguleika að kennarar á yngsta stigi geti gert stofur sínar klárar fyrir kennslu næsta dag. Börnin eru þá í sama rými og geta illa aðskilið hvenær þau eru í skólanum og hvenær þau eru í frístund. Brekkuskóli er með frístund á þessa vegu og það kemur ekki vel út, starfsfólk og kennarar tala um að þetta sé ekki til góðs og hefur verið reynt að finna annað húsnæði lengi. Nú þegar er kennari við Hrafnagilsskóla sem var kennari í Brekkuskóla með reynslu af því fyrirkomulagi.
- Aftur minnt á lið 3 um listaskála, fjölnota rými, tónlistarstofu og frístund.**

Bókasafn: Mikilvægt er að hanna bókasafnið í samráði við bókavörðinn. Ekki hentugt að ganga í gegnum bókasafnið og hafa það í opnu rými. Það þarf gott geymslupláss og mjög gott og vinnuhæft vinnusvæði til að plasta og merkja bækur.

Skólaráð sér vel fyrir sér að tengingangur væri á milli leik- og grunnskóla. Annars vegar við tenginganginn kæmi bókasafn/ upplýsingamiðstöð með inngangi að norðan og inngangi bæði inn í leik- og grunnskólann. Hinum megin við tengingang kæmu fjölnota rými/stofur, listaskáli, tónmenntarstofa (tónlistar), og frístund.